

ÞÁTTAKA VÍSIS Í SAMTÖK FARMANNA OG FISKIMANNA

Árið 1949 gekk Vísir í Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Eins og áður hefur komið fram, þá var Árni Þorsteinsson fyrsti fulltrúi Vísis á þingi FFSÍ. Hann var jafnframt fyrstur kjörinn til að sitja í stjórn samtakanna árið 1963. Árni sat í stjórn til ársins 1967 og kom þá Ingólfur Falsson í stað hans. Árin 1979–1983 var Ingólfur forseti FFSÍ, en Kristján Ingibergsson hefur setið í stjórn síðan.

Frá árinu 1963 hefur Vísir átt fulltrúa í stjórn samtakanna, fyrst Árna Þorsteinsson 1963–1966, þá


Ingólfur Falsson 1967–1983 og nú Kristján Ingibergsson. Sýnir þetta hinn mikla áhuga sem Vísisfélagar hafa sýnt starfinu innan heildarsamtakanna.

Ingólfur Falsson naut þess heiðurs að vera kjörinn forseti FFSÍ árið 1979 og aftur 1981. Okkur lék forvitni á að heyra frá honum, hvernig það hefði verið að vera í forsvari fyrir svo stórum og mikilvægum samtökum sem Farmanna- og fiskimannasambandið er.

„Hlutverk forystumanns í samtökum sem FFSÍ er mjög marg-



Árni Þorsteinsson.



Ingólfur Falsson

voru það fulltrúar viðkomandi starfsgreina sem réðu ferðinni. Þó var ég í forsvari við gerð samninga fyrir bátasjómenn.“

– Hvað er þér helst minnisstæðast frá þessum tíma?

„Ég vil nefna mál eins og stjórn fiskveiða, sem þá var að taka á sig mynd, t.d. hvað varðar skrapdagakerfið, endurskoðun sjóðakerfis sjávarútvegsins o.fl. Að mínu áliti var oftast tekið tillit til okkar og leitað eftir áliti okkar í þessum málum.“

Nú ýmislegt spaugilegt hefur komið fyrir. Í mínu embætti sem forseti FFSÍ var mér boðið austur á Þingvöll, þegar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherrarnir voru að halda boð fyrir stjórnanda Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þessi maður var svo óskaplega lífhræddur, að hann hreyfði sig ekki spönn úr rassi án lífvarða og lögregluþyglar. Ekki græddi maður mikið á þessari móttöku, því það komst enginn að blessuðum manningum. Enda fór svo, að hann gafst upp á öllu stressinu og hvarf til Reykjavíkur fyrr en til stóð. Létti þá hinum gestunum, því þá var fyrst hægt að fara að njóta þess sem staðurinn hafði upp á að bjóða.“

– Hefur starfið í FFSÍ borið árangur, og hvar stöndum við nú?

„Tvímálaust hefur mikið áunnist, en samt er engin ástæða til að draga úr baráttunni. Sígilt baráttumál sjómanna er og verður hvers kyns öryggismál. Þau mál eru stöðugt í brennidepli og ég fæ ekki séð annað en að við þurfum stöðugt að reyna að bæta árangur okkar á því sviði. Þrátt fyrir miklar framfarir í öryggismálum, búnaði og tækjum, þá sýna dæmin og sanna, að enn verða þeir atburðir, þar sem björgunaraðgerðir bera ekki árangur. Á meðan það skeður, þá verðum við að halda vöku okkar.“

Ingólfur vildi fá að nota þetta tækifæri til að senda samstarfsmönnum sínum innan FFSÍ bestu kveðjur og þakkir. Við tókum undir það með Ingólfi og þökkum honum fyrir ágætt spjall.

H.H.

„Nei, ekki var það svo, heldur

Verð á helztu fisktegundum vertíðina 1954

samkvæmt samningi dags. 18. jan. 1954.

Þorskur:

Slægður m/haus	kr.	1.22
Óslægður	-	1.02

Netjafiskur, þriggja náttá:

Slægður m/haus	-	0.86
Óslægður	-	0.71

Ýsa, enda sé henni haldið sér:

Slægð m/haus	-	1.41
Óslægð	-	1.16

Langa:

Slægð m/haus	-	1.08
--------------	---	------

Keila:

Óslægð	-	0.56
--------	---	------

Ufsi:

Slægður m/haus	-	0.64
----------------	---	------

Steinbítur í nothæfu ástandi:

	-	1.10
--	---	------

Hrogn til 1. apríl 1954:

1. fl.	-	2.67
2. fl.	-	1.16

Lúða, 1 - 10 kg:

	-	2.90
--	---	------

þætt. Það þarf að koma fram fyrir hönd samtakanna við hin margvíslegustu tækifæri, leiða samningaviðræður, reyna að sætta ólík sjónarmið, þar sem hagur heildarinnar verður að ráða o.fl., o.fl. Ég kom frá dæmigerðu bátasvæði og það umhverfi sem farmenn störfuðu í var mér meira framandi en ég hafði gert mér grein fyrir. Ég reyndi að setja mig inn í öll mál. M.a. fór ég í þriggja vikna siglingu með Studlafossi í því skyni að kynna persónulega kjörum og störfum skipverjanna. Ég hafði mjög gott af þeim kynnum.“

– Þurftir þú að stýra öllum samningaviðræðum?

„Nei, ekki var það svo, heldur